

025/00 - M.b. Þuríður Halldórsdóttir GK-94

Þuríður Halldórsdóttir GK-94, skipverji slasast þegar hnútur kemur á skipið og kýrauga brotnar

M.b. Þuríður Halldórsdóttir GK-94

Skipaskr.nr.: 1645

Smíðaður: á Akranesi 1983 úr stáli

Stærð: 273,68 brl; 478,00 bt

Lengd: 38,99 m **Breidd:** 8,10 m **Dýpt:** 6,25 m

Vél: Bergen Diesel 729,00 kW **Árgerð:** 1982

Annað:

Földi skipverja: 11



Þuríður Halldórsdóttir ©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Hinn 6. janúar var m.b. Þuríður Halldórsdóttir GK-94 á siglingu fyrir vestan land frá Kolluál og suður á bóginn. Veður: austlæg átt, 8-9 vindstig.

Sigt var á hægri ferð skáhallt á móti veðrinu. Sigldur hraði 2-4 sml. Skyndilega kom högg (hnútur) á skipið bakborðsmegin Við það brotnaði kýrauga á bakborðssíðu skipsins. Kýraugað var á eldhúsi og var matsveinninn að hella upp á kaffi fyrir innan. Fékk hann glerbrot og sjó yfir sig þegar kýraugað brotnaði og skarst hann talsvert. Nokkrir skipverjar voru í borðsal þegar atvikið varð en þeir sluppu við meiðsli. Talsverður sjór kom í eldhús og borðsal og glerflísar stungust í þiljur.

Hlúð var að hinum slasaða um borð og skipinu snúið áleiðis til Njarðvíkur.

Við rannsókn kom fram

- að slasaði hafði gleymt að setja blindhlera fyrir kýraugað en venjan var að gera það ef veður versnaði. Kýraugað var á vistarverum fyrir neðan togþilfar skipsins;
- að kýraugað er talið hafa verið 30-40 cm í þvermál;
- að eftir slysið var kýraugað fjarlæggt og soðin plata í gatið svo að það endurtæki sig ekki að kýraugað brotnaði.

Nefndarálit

Nefndin telur að varhugavert sé að setja kýrauga svo stutt frá sjólínu. Koma hefði mátt í veg fyrir slysið ef blindhleri hefði verið settur fyrir þegar veður tók að versna.

Nefndin telur það rétta ákvörðun að loka varanlega opinu þar sem kýraugað var.